



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Hagkvæmt húsnæði

Reykjavíkurborg er að leggja til lóðir á völdum stöðum undir hagkvæmt húsnæði sem samstarfsaðilar munu þróa og byggja

Jólaborgin Reykjavík

Mikil ljósadýrð verður á aðventunni í miðborginni og jólaborgin Reykjavík verður bæi litrík og lifandi

Framkvæmdir í miðborginni

Við hafa staðið yfir framkvæmdir í miðborginni, meðal annars í sumar með breytingum og endurgerð á götum umhverfis Hafnartorg

Leiðari

Nokkur umræða hefur verið um orkuskipti í samgöngum m.a. í tengslum við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og greiningu fréttaskýringaþáttarins Kveiks á RÚV á rafbilavæðingu og uppbyggingu innviða fyrir rafbíla. Spjótin beinast að sveitarfélögum og Reykjavíkurborg, þeim falið hlutverk og spurt hvað þau ætli að gera. Reykjavíkurborg setti sér stefnu í loftslagsmálum sumarið 2016 – markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 og aðlögun á loftslagsbreytingum ásamt aðgerðaáætlun til ársins 2020. Meðal markmiða er að styðja við orkuskipti í samgöngum í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur m.a. með uppsetningu hleðslustöðva í bílastæðahúsum, við valdar byggingar á vegum borgarinnar og í hverfum í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur.

Rafbílum fjölga nú ört og mikilvægt að borgin bregðist hratt við og mæti þörf fyrir hleðslutengla á þeim stöðum sem æskilegt er að borgin veiti þjónustu. En hvar eru þessir staðir þar sem æskilegt er að borgin og sveitarfélög veiti þjónustu og hversu mikil á hún að vera? Sveitarfélög eru vel til þess fallin að hafa áhrif á orkuskipti í samgöngum. Þau hafa skipulagsvaldið, sinna rekstri og þjónustu sem stutt getur við orkuskipti og hafa umsjón með opnum svæðum, borgarlandinu.

Þar sem þétt er byggt og íbúar hafa ekki aðgang að bílastæði á lóð þarf borgin að styðja við uppsetningu hleðslustöðva á opnum svæðum eða í bílastæðahúsum. Mismikinn stuðningur þarf á hverjum stað, uppsetning og rekstur hleðslustöðva með sölu á raforku er markaðsvara og samkeppni á þeim markaði hérlandis. Í flestum tilfellum þarf borgin í það minnsta að koma fyrir lögnum og undirstöðu undir hleðslustöð og setja reglur um rekstur hleðslustöðva. Við aðstæður sem þessar hafa íbúar í einhverjum tilfellum sett sjálfir upp hleðslustöð í borgarlandi. Slíkt sjálfataka gengur augljóslega ekki upp, er óheimil og getur skapað hættu fyrir íbúa og þá sem sjá um umhirðu borgarlandsins. Það er því mikilvægt að unnið sé hratt með aðilum á markaði að uppbyggingu á þessum stöðum til að mæta þörf íbúa.

Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins með vel yfir 8.000 starfsmenn. Við greiningu á hvar rafbílaeigendur hlaða helst bíla sína kemur í ljós að það er við heimili eða vinnu. Með uppsetningu hleðslustöðva við starfsstaði borgarinnar má því mæta þörf fyrir hleðslu hjá stórum hópi. Á sama tíma getur uppsetningu hleðslustöðva við starfsstaði eins og skóla og leikskóla mætt þörf íbúa í nágrenni sem geta hlaðið bíla sína að nóttu þegar starfsmenn eru ekki í vinnu.

Hindranir við uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla eru meiri í fjöleignarhúsum en sérbylí og þá helst vegna ósamstöðu í húsfélögum eða aukin kostnað vegna stækkunar heimtauga. Til eru tæknilegar lausnir sem leyst geta hluta vandans svo sem með álagsstýringu svo ekki þurfi að stækka heimtaug eða greiðslukerfi þ.a. þeir sem hlaða greiði upp fjárfestinguna. Í Reykjavík er um 80% húsnæðis í fjöleignarhúsum. Því getur stuðningur við uppsetningu hleðslustöðva í fjöleignarhúsum haft veruleg áhrif. Stuðningurinn getur verið margskonar, í Osló greiðir sveitarfélagið allt að 20% kostnaðar, koma má upp grenndarhleðslustæðum á borgarlandi í nágrenni fjöleignarhúsa og veitufyrirtæki geta e.t.v. stutt við með uppbyggingu sem innheimt yrði með þjónustugjöldum.

Það er á mörgu að taka við uppbyggingu innviða fyrir rafbíla í Reykjavík. Unnið er að greiningum á helstu kostum og gerð áætlana sem ættu að liggja fyrir í upphafi árs 2019. Þegar hefur verið settur upp fjöldi hleðslustöðva í miðborginni og bílastæðahúsum en borgin ætlar að vera sér að vera í fararbroddi og sinna hlutverki sínu í orkuskiptum í samgöngum þ.a. sómi sé af og íbúar geti ekið um á vistvænu innlendu eldsneyti.

Guðmundur Benedikt Friðriksson

Framkvæmdir

Hafnartorg

Hafnartorg afmarkast af Geirsgötu til norðurs, Kalkofnsvegi, Tryggvagötu og Steinbrýggju og aðliggjandi gatnamótum. Nýtt torg, Bæjartorg, á horni Tryggvagötu og Pósthússtrætis var endurgert en Bæjarins bestu pylsur hafa verið seldar þar óslitið í yfir 80 ár.

Einn stærsti og um leið flóknasti hluti framkvæmdanna var að breyta legu

Geirsgötu og flytja gatnamótin þannig að Geirsgata liggur nú þvert á Kalkofnsveg. Steypa þurfti bílarkjallara undir götuna og flytja vegstæði Geirsgötu tímabundið norður af framkvæmdasvæðinu. Kalkofnsvegur var einnig færður þannig að hann liggur nú án hindrana að Geirsgötu/Hverfisgötu.

Á svæðinu hefur verið skipt út fráveitu-

og vatnslögnum. Að hluta til er um ofanvatnslausnir að ræða og blágrænar lausnir notaðar þar sem því er við komið. Gæta þurfti sérstakrar varúðar við jarðvinnuna þar sem mikið af strengjum liggur á svæðinu m.a. háspennustrengir frá Veitum. Allar akleiðir eru malbikaðar en götukantar úr grásteinum sem að hluta er endurnýttur. Torg og gangstéttir eru að mestu hellulögð og snjóbræðsla í



Bæjartorg

Í sumar var unnið að breytingum og endurgerð á götum umhverfis Hafnartorg og aðliggjandi götum. Framkvæmdir hófust snemma árs 2017

Viðkvæmt svæði

Þessar framkvæmdirnar eru með umfangsmestu framkvæmdum sem ráðist hefur verið í innan miðborgarinnar. Svæðið er viðkvæmt og áhersla hefur verið lögð á að starfsemi og umferð á nærliggjandi svæðum raskist sem minnst. Verkið er unnið við mjög þröngar aðstæður á tiltölulega skömmum tíma. Vel hefur tekist til og má þakka það lipri verkstjórn og umgengni Lóðþjónustunnar sem hefur séð um framkvæmdirnar, en ekki síður tillitsemi rekstraraðila, vegfarenda og íbúa á svæðinu. Framkvæmdum lýkur nú í desember ef frá er talin Steinbryggjan og gönguleið norðan Geirsgötu sem áætlað er að ljúka í vor.

göngu og hjólaleiðum. Falleg lýsing, gróðurbeð og önnur götugögn fegra svæðið og gera vistlegt.

Nýjar götur

Á Hafnartorginu sjálfu eru fjölbýlishús en á fyrstu hæðum húsanna er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi tengdri verslun og þjónustu. Milli húsanna verða til tvær nýjar göngugötur; Kolagata og Reykjastræti, en Reykjastræti mun ná alveg að Hörpu þegar uppbygginu á svæðinu þar

Reykjavíkur verður grágrýtissteinum úr gömlu steinbryggjunni komið fyrir í hellulögn í Kolagötunni. Bílakjallari er undir Hafnartorginu sem tengist bílakjallara sem gengur undir Geirsgötu alveg að bílakjallaranum í Hörpu. Aðgengi að kjallaranum verður bæði frá Steinbryggju og Hörpu. Á Kalkofnsvegi milli Arnarhóls og Hafnartorgs er gert ráð fyrir að hægt sé að setja upp svið með tilheyrandi búnaði til notkunar á hátíðarstundum.

Fleiri börn en áður hjóla í skólann

Umhverfis- og skipulagssvið gerir reglulega könnun á ferðavenjum í borginni, annars vegar á 2 ára fresti í samstarfi við Vegagerðina og hins vegar á eigin vegum þar sem spurt er tveggja spurninga: „Með hvaða hætti fór barnið þitt/ börnin þín í grunnskólann síðast þegar það/þau sóttu skóla?“ og „Með hvaða hætti ferðast þú að jafnaði til vinnu eða skóla á morgnana?“ Þessar spurningar hafa verið lagðar fyrir árlega á haustmisseri

Markmið Reykjavíkurborgar er að hlutdeild bílaumferðar á götum borgarinnar verði 58% árið 2030, almenningssamgangna 12% og gangandi og hjólandi 30% í samræmi við Aðalskipulags Reykjavíkur, stefnu borgarinnar um eflingu almenningssamgangna, hjóleiða-áætlun og loftslagsstefnu. Reykjavíkurborg vinnur að því að tryggja öruggar, skilvirkar, þægilegar og vistvænar samgöngur fyrir alla.

Helstu fréttir að þessu sinni þegar spurt er „Með hvaða hætti fór barnið þitt/ börnin þín í grunnskólann síðast þegar það/þau sóttu skóla?“ eru að meirihluti þeirra eða 57% fór fótgangandi í skólann. Hlutfall þeirra lækkaði frá árinu 2017 um 8 prósentstíga á milli mælinga. En á móti kemur að hlutfall barna sem ferðaðist á hjóli þegar þau sóttu skóla síðast hækkaði um 7%.

Þegar spurt er „Með hvaða hætti ferðast þú að jafnaði til vinnu eða skóla á morgnana?“ kemur fram í svörum að meirihluti fólks eða 64% ferðast til og frá vinnu eða skóla á morgnanna á bíl sem bílstjóri en hlutfall þeirra lækkaði milli mælinga eða um 2 prósentstíga. 7% aðspurðra fara með strætó, 14% ganga, 8% sem farþegar í bíl og 6% hjóla.



Árlega er gerð könnun á ferðavenjum Reykvíkinga, bæði hvað varðar börn og fullorðna. Það er gert til að kynna hvernig gengur að þokast nær markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur

Nefna má einnig að hlutfall þeirra sem ganga til og frá vinnu jókst um 2% milli mælinga þótt það teljist ekki marktækur munur. Niðurstöður sýna að marktækt fleiri karlar eða 67% ferðast á bíl sem bílstjóri en það gera 60% kvenna.

Út frá búsetu má sjá að hópur þeirra sem býr í Mið- og Vesturbæ ferðast hlutfallslega fæstir eða 44% til vinnu eða skóla á bíl sem bílstjóri en önnur

hverfi í Reykjavík. Marktækt fleiri ferðast fótgangandi sem búa í Mið- og Vesturbæ eða 27% og þeir sem búa í Hlíðum, Laugardal og Háaleiti eða 16% en önnur hverfi í Reykjavík.

Þessi netkönnun var gerð daganna 5.–24. október, 1476 voru í úrtakinu, 800 svörðu eða 54,2%. Hún var framkvæmd af Gallup fyrir umhverfis- og skipulagssvið.

Kortlagning hávaða og aðgerðaáætlun fyrir borgina

Hljóðmön við Kringlumýrabraut, framkvæmdum ekki lokið.



Góð hljóðvist í borg er lýðheilsu- og skiptir feikilega miklu máli í þéttri byggð. Árangursrík leið til að draga úr hávaðamengun í borginni er að draga almennt úr umferðarhraða og efla vistvæna ferðamáta og vistvænar samgöngur

Kortlagningar hávaða fyrir Reykjavíkurborg er endurskoðuð á 5 ára fresti skv. reglugerð nr. 1000/2005. Aðgerðaáætlun fyrir borgina fyrir árin 2018–2023 er byggð á niðurstöðum kortlagningarinnar og hefur nú verið kynnt í borgarstjórn. Hún er nú í kynningu fyrir almenning.

Niðurstöður hávaðakortlagningarinnar gefa upplýsingar um hversu margar íbúðir og íbúar verða fyrir áhrifum vegna umferðarhávaða. Fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg sem búa við umferðarhávaða yfir 55–65 dB er áætlaður vera um 35.500 manns. Niðurstöður hávaðakortlagningar sýna að hjá 62 skólum eða leikskólum var hávaði yfir 55 dB og þar af voru 11 þeirra yfir 65 dB.

Efling almenningssamgangna lækkar hljóðstig

Reykjavíkurborg hóf árið 1997 að veita fjárstyrki til úrbóta á hljóðvíst til íbúa sem höfðu hljóðstig ≥ 65 dB(A) við

húsvegg. Úrbótum er ætlað að draga úr þeim fjölda íbúa sem búa við óviðunandi hljóðstig innandyr þannig að hljóðstig innanhúss verði ekki hærra en 30 dB(A). Íbúðir með jafngildishljóðstig hærra en $LA_{eq24} = 65$ dB(A) (utan við húsvegg) er skipt í þrjá flokka og er fjárstyrkur breytilegur milli flokka, (lægrí fjárhæð eftir því sem hljóðstigið er lægra).

Lækkun hljóðstigs með hljóðvörnum eða byggingartæknilegum lausnum. A) Svæði þar sem hljóðvarnir hafi áhrif fyrir mikinn fjölda íbúa. B) Svæði þar sem hljóðstig utan við vegg er yfir $Leq = 65$ dB(A) og ekki er auðsótt að koma fyrir hljóðvörnum. C) Efling almenningssamgangna einkabílsins lækkar einnig hljóðstig og fjölmargt annað.

Kortlagning og aðgerðaáætlun eru skilagögn til Umhverfisstofnunar og Evrópusambandsins og eru birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar eftir kynningar- og samþykktarferli hjá borginni.

Næstu skref felast í því að leita til almennings. Aðgerðaáætlun er nú kynnt íbúum. Endurskoðun hávaðakortlagningar verður gerð næst árið 2022 og aðgerðaáætlunar árið 2023.

Næstu fimm árin verður horft til svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónæði og reiknast yfir 68 dB (desibel), t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir. Hljóðvarnaraðgerðir verða metnar og framkvæmdar eftir því sem aðstæður og fjárveitingar leyfa.

Aðgerðaáætlun þessi mun vera til kynningar á tímabilinu 1. desember 2018 – 15. janúar 2019, og borgarþing og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við áætlunina.

Vinsælustu útivistarsvæðin í Reykjavík



Elliðaárdalurinn.

Ljósmyndari: Ragnar Th.

Laugardalur var það svæði sem hlutfallslega flestir heimsóttu síðastliðna 12 mánuði eða 60% aðspurðra. Reykjavíkurtjörn kemur næst með 58% og Elliðaárdal (56%) fylgir fast á eftir. Þess má þó geta að heimsóknir voru ekki eins miklar þá þessi þrjú svæði og árin á undan og má ef til vill kenna veðurfari um en rok og rigning einkenndi sumarið í Reykjavík. Aftur á móti má sjá má aukningu á milli mælinga í heimsóknum fólks síðustu 12 mánuði til tveggja svæða, annarsvegar Klambratún (+2) sem 44% höfðu sótt og hins vegar Fossvogsdalur (+3) sem 38% aðspurðra sóttu.

Netkönnunin var gerð 5.–14. október 2018 en 1476 voru í úrtakinu og svöruðu 800 manns eða 54%. Gallup framkvæmdi fyrir umhverfis- og skipulagssvið.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíurborgar lætur kanna heimsóknir á útivistarsvæði. Spurt er: Hefur þú heim sótt neðangrein útivistarsvæði á síðastliðnum 12 mánuðum?

Laugardalurinn

Laugardalurinn er án efa vinsælasta útivistarsvæði Reykvinga enda er svæðið einstaklega heppilegt fyrir útiveru, skjólgott og gróðursælt með vel skipulagða göngu- og hjólastíga. Laugardalurinn er jafnframt ein meginmiðstöð íþróttakunar í Reykjavík og er þar að finna íþróttamannvirki svo sem Laugardalshöllina, Laugardalsvöllinn, Laugardalslaugina og Skautahöll Reykjavíkur. Þá er Laugardalurinn miðstöð garðyrkju og er Grasagarður Reykjavíkur stað-

settur í hjarta dalsins. Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn í Laugardal er vinsæll meðal barna og fjölskyldufólks og er þar að finna öll íslensku húsdýrin og helstu villtu landspendýrin svo sem refir og hreindýr auk selanna sívinsælu. Í Laugardalnum er jarðhiti, einkum við Þvottalaugarnar þar sem Reykvingar þvoðu þvott sinn úr heitum jarðlaugum. Þá er aðaltjaldstæði Reykjavíkur í Laugardal og dalurinn því vinsæll viðkomustaður ferðalanga.

Tjörnin

Fá opin svæði í Reykjavík eiga sér fastari sess í hjörtum borgarbúa en Tjörnin og hennar nánasta umhverfi, Hljómskálagarðurinn og Vatnsmýrin þar sem náttúra og mannlíf mætast í miðri stórborg á einstakan máta. Við norður-enda Tjarnarinnar hófst þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld og síðan þá hefur Tjörnin verið miðpunktur byggðar í Reykjavík og mikilvægt svæði fyrir útivist og leiki. Fyrir höfuðborg sem er að mestu umkringd sjó er einstakt að hafa svo stóra ferskvatnstjörn í miðju borgarinnar. Hið auðuga lífríki Tjarnarinnar, einkum hið fjölskrúðuga fuglalíf hefur mikið aðdráttarafl fyrir borgarbúa. Hljómskálagarðurinn við Suðurtjörn er með stærri almenningsgörðum í Reykjavík. Fjöldi smærri almenningsgarða eru í nágrenni Tjarnarinnar t.d. Hallargarðurinn, Mæðragarðurinn og Austurvöllur. Við Tjörnina og nálægar götur standa mörg merk hús t.a.m. Ráðhús Reykjavíkur, Ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu, Iðnó, Fríkirkjan, Listasafn Íslands og Kvennaskólinn að ógleymdum Hljómskálanum.

Elliðaárdalurinn

Elliðaárdalurinn er eitt stærsta græna svæðið innan þéttbýliskjarna Reykjavíkur. Hann er jafnframt eitt vinsælasta svæðið til útivistar, leikja og íþróttaiðkunar af ýmsu tagi. Dalurinn einkennist af fjölbreyttu umhverfi, landslagi og gróðurfari en þungamiðjan eru Elliðaárnar sem dalurinn er kenndur við. Elliðaár falla úr Elliðavatni í norður og vestur milli Breiðholts og Selás- og Ártúnsholts í tveimur kvíslum. Má segja að þær skipti borginni í tvennt við Elliðaárósa. Lax gengur upp í árnar og eru þær með vinsælli laxveiðiám á suðvesturhorni landsins. Elliðaár voru virkjaðar árið 1921 og er stærsta stíflán nálægt gamla Árbæjarbænum. Í Elliðaárdal hefur verið stunduð skógrækt en þar má einnig finna fjölda náttúrulegra gróðurlenda. Fuglalíf er mjög auðugt í dalnum. Meðal áhugaverðra staða sem eru í Elliðaárdal eða í jafri hans eru Árbæjarsafn, Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur og hesthúshverfi Hestmannafélagsins Fáks í Viðidal.

Tjörnin. Ljósmyndari:
Ragnar Th.



Laugardalurinn. Ljósmyndari:
Ragnar Th.



Hagkvæmt húsnæði



Í nóvember var haldinn kynningarfundur þar sem farið var yfir tilurð og stöðu verkefnisins um „Hagkvæmt húsnæði“, sem er ein af burðarásunum í húsnæðis-áætlun borgarinnar sem var samþykkt árið 2017

Í verkefninu stendur til að borgin muni leggja til lóðir á völdum stöðum í borginni undir hagkvæmt húsnæði sem samstarfsaðilar munu þróa og byggja upp á samkvæmt ákveðnum skilyrðum. Lóðirnar verða seldar á föstu verði, en um er ræða amk. 500 íbúðir ef samningar nást við samstarfsaðila. Starfshópur um verkefnið „Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur“ var stofnaður í október 2017 og í janúar 2018 var síðan auglýst eftir hugmyndum hjá fagaðilum og áhugafólki um húsnæðismál til þess að fá sem bestan

þverskurð af því hvaða hugmyndir og möguleikar væru til staðar. Í borgarráði í apríl var ákveðið að leggja fram þróunarreiði á sjö stöðum í verkefnið. Reitirnir eru í Úlfarsárdal, á Kjalarnesi, í Gufunesi, í Bryggjuhverfi við Elliðaárvog, við Sjómannaskólann, á Veðurstofureit og í Skeiðafirði. Í framhaldinu, í maí var svo auglýst eftir samstarfsaðilum á þessum reitum. Sextán teymi skiluðu inn hugmyndum. Starfshópur Reykjavíkurborgar fór yfir innsendar tillögur og á grundvelli stigagjafar hefur starfshópurinn gert þá tillögu að Reykjavíkurborg

hefji viðræður við ákveðin teymi um lóðavilyrði á þessum þróunarlóðum til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði. Rík áhersla er lögð á að framkvæmdir hefjist sem fyrst og gangi hratt fyrir sig.

Næstu skref eru að borgin mun hefja viðræður við teymin um möguleg lóðarvilyrði á þessum reitum. Nokkur skilyrði fylgja með, þ.e. að þróunaraðili hafi aðgang að 20% eigin fé fyrir verkefnið, og að skilyrt sé að búið sé að semja við arkitekta úr hugmyndaleitinni. Markmið borgarinnar eru einnig skýr, þ.e. að íbúðirnar verði hagkvæmar, forgangur í íbúðir verði ungt fólk á aldrinum 18-40 ára, Félagsbústaðir hafi kauprétt á 5% íbúða, að leiguverð verði ekki hækkað nema með samþykki borgarinnar ofl. Lóðarvilyrðið gengur síðan til baka ef framkvæmdir eru ekki hafnar 12 mánuðum eftir samþykkt vilyrðis eða samþykkt deiliskipulags.



Hverfið mitt

Hinar árlegu íbúakosningar Hverfið mitt eru nú afstaðnar, en hugmyndasöfnun meðal íbúa fór fram í mars. Hverfið mitt er lýðræðisverkefni og miðar að því að íbúar geti sjálfir haft áhrif á hvaða framkvæmdir er ráðist í og þar með hverfisbrag og lífsgæði í eigin hverfi

Þátttaka í verkefninu var mjög góð og voru 88 verkefni valin til framkvæmda á næsta ári. Gert er ráð fyrir 450 milljónum til verkefnanna.

Aukin lífsgæði

Í ár voru valin mörg hefðbundin verkefni sem bæta almenn lífsgæði og

upplifun íbúa í borginni. Þá er t.d. átt við verkefni sem tengjast gróðursetningu, göngustígagerð, fjölgun bekkja og bættri lýsingu. Óhefðbundnari verkefni eru meðal annars færanlegar hjólabrautir, matarmarkaður í Laugardal og vegglistaverk. Einnig voru mörg verkefni valin sem tengjast heilsu og hreyfingu

eins og hreysti- og klífursvæði, leiksvæði, frísbývellir og sparkvellir.

Hugmyndir sem tengjast sundlaugum hafa líka verið vinsælar í íbúakosningum síðustu ára. Þannig hafa bæst við kaldir pottar í Árbæjarlaug og Breiðholtslaug og vaðlaug og rennibraut í Grafarvogslaug. Á næsta ári verða sett upp þurrugufuböð bæði í Grafarvogs- og Klébergslaug að ósk íbúa.

Hugmyndir að mörgum áhugaverðum verkefnum hafa komið í gegnum Hverfið mitt m.a. vaðlaugarnar í Hljómskálagarðinum og Laugardal sem hafa vakið mikla lukku íbúa og þá sérstaklega ungu kynslóðarinnar.

Rammaskipulag Kringlunnar

Síðastliðið sumar samþykkti Borgarráð á fundi sínum nýtt rammaskipulag fyrir Kringlusvæðið. Í því birtist ný stefna og framtíðarsýn fyrir þetta mikilvæga svæði á grunni Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030

Rammaskipulagið mun vísa veginn að settum markmiðum og ramma inn sam-eiginlega sýn þeirra sem að því standa og mun endurspeglast í frekari skipulagsvinnu fyrir reitinn. Þá varpar rammaskipulagið ljósi á þær áskoranir sem fylgja nýrri uppbyggingu og veltir upp hugsanlegum lausnum.

Í rammaskipulaginu er gert ráð fyrir 160 þúsund nýjum fermetrum sem munu mynda borgarhverfi með blöndu af íbúðum, verslun og þjónustu, menningu og listastarfsemi. Fjöldi íbúða getur orðið 800 til 1.000 talsins og svæðið verður byggt upp í áföngum. Kringlusvæðið er spennandi þróunarsvæði á höfuðborgarsvæðinu en um leið eitt hið flóknasta, m.a. vegna legu þess við stærstu stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins og mikilvæga starfsemi sem þar er að finna eins og Borgarleikhúsið og verslunarmiðstöðina Kringluna.



Samþykkt rammaskipulag
Kringlunnar.

Forsaga rammaskipulagsins er að í upphafi ársins þá undirrituðu borgarstjóri og forstjóri Reita, stærsta hagsmunaaðila svæðisins viljayfirlýsingu um skipulag og uppbyggingu svæðisins á grundvelli vinningstillögu Kanon arkitekta í hugmyndasamkeppni sem haldin var árið 2017.

Niðurstöður í samkeppninni voru opinberaðar í lok ársins og dórnafnd ákvað að velja tillögu sem unnin var af Kanon arkitektum sem verðlaunatilögu, og þótti hún sannfærandi og raunsæ og sagði m.a. um hana í umsögn dóm-

nefndar: „Tillagan felur í sér sveigjanlega landnotkun og möguleika á hentugri áfangaskiptingu. Styrkur hennar felst meðal annars í einfaldleika og gæðum þrautreynds fyrirkomulags borgargatna og húsa. Unnið er með einfalda reita-skiptingu sem falli vel að hefðbundnu byggðarmynstri borgarinnar og skapi sterka heild“.



Námskeið um blágrænar ofanvatnslausnir

Stefnumörkun um ofanvatnslausnir má finna í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030, í loftslagsstefnu borgarinnar, aðlögun að loftslagsbreytingum og í aðgerðaráætlun um líffræðilegan fjölbreytileika. Þverfaglegur stýrihópur starfsmanna Reykjavíkurborgar og Veitna hefur með höndum að innleiða verkefnið eftir þeirri stefnumörkun.

Hvað eru ofanvatnslausnir?

Ofanvatnslausnir sem oft eru nefndar blágrænar ofanvatnslausnir, einnig eru þær nefndar sjálfbærar ofanvatnslausnir, fela í sér að nýta ofanvatn, regn og snjó á umhverfisvænan og staðbundinn hátt. Slíkar lausnir fela í sér að nýta vatnið innan lóðarinnar t.d. með því að hafa þök með gróðri sem nýta ofanvatnið (svokölluð græn þök), tjarnir, svelgi og regngarða. Markmiðið er að líkja eftir náttúrulegum ferlum vatns eins og það var áður en byggingarframkvæmdir koma til. Notast er við landslagshönnun eins og læki og tjarnir í stað þess að leggja lagnir í jörð. Ofanvatninu er safnað og því leyft að síast í jörðu eins mikið og hægt er. Afgangnum er svo

veitt í burtu og ýmsir mengunarvaldar hreinsaðir úr vatninu.

Námskeið hjá Endurmenntun HÍ

Endurmenntun HÍ er búin að halda tvö námskeið á þessu misseri um ofanvatnslausnir. Annað var haldið 24. september en þá var Sue Illman landslagsarkitekt og frumkvöðull í þessum málaflokki með inngangsnámskeið (*Introduction to SuDS*) um efnið og fór m.a. í áskoranir og tækifæri í innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna. Þann 27. og 28. nóvember voru Anthony McCloy verkfræðingur og Robert Bray landslagsarkitekt með framhaldsnámskeið (*Designing SuDS*) en þeir hafa verið hér áður með námskeið. Þessir kennarar hafa allir mikla reynslu af innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna í Bretlandi.

Námskeiðin hjá Endurmenntun hafa verið haldin í samstarfi við Reykjavíkurborg, Veitur, Alta og CIRIA sem eru samtök sem hafa gefið út ítarlegt leiðbeiningar- og hönnunarefni um innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna í Bretlandi. Á námskeiðunum er m.a. farið

Endurmenntun HÍ hefur haldið námskeið í samstarfi við Reykjavíkurborg, Veitur, Alta og CIRIA um ofanvatnslausnir

í hönnun mismunandi lausna, grunnforsendur, útreikninga, mengun og öryggismál. Það er æskilegt að allir sem ætla að starfa á þessum vettvangi taki slík námskeið.

Lykillinn að því að taka upp blágrænar ofanvatnslausnir er þverfaglegt samstarf í skipulags-, fráveitu- og umhverfismálum með aðkomu þeirra sem sjá um græn svæði og með góðri samvinnu við íbúa.

Ljósadýrð á aðventunni í miðborginni

Starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur lagt sig fram í nóvember við að undirbúa jólastemninguna en um það bil 150. þúsund perur fylgja jólaskreytingunum að þessu sinni. Tvö teymi starfsmanna vinna þessi störf og taka síðan dýrðina niður í janúar og fram í febrúar 2019.

Efni og útfærslur á skreytingum hafa verið betrubætt undanfarin ár og greina má ýmsar nýjungar eins og skreytingar í kringum Tjörnina, á Grensásvegi, Hofsvallagötu, Hringtorgi í Skeifunni og einnig má nefna Fellastiginn í Breiðholti. Hverfisgatan verður ljósum prýdd og jólaljós eru nýjung í Grjótaþorpinu.

Viðamesta nýjungin að þessu sinni er jólakötturinn á Lækjartorgi sem er um 5 metrar á hæð og 6 metrar á breidd. Kötturinn er lýstur upp með 6.500 led-ljósum. Kveikt var á kettinum 24. nóvember með viðhöfn og voru Grýla og Leppalúði heiðursgestir.

Eftir því sem nær dregur jólum má búast við miklum fjölda fólks í miðborginni, hvort sem er til að versla, sækja viðburði eða gera vel við sig á annan hátt í undirbúningi hátíðarhaldanna.

Margir komast í jólaskap með því að eiga góða stund í miðborginni á aðventunni. Hópar og vinir hittast á kaffihúsum eða jólahlaðborðum og njóta þess að ganga um götur.



Jólaborgin Reykjavík verður bæði litrík og lifandi. Árlega er unnið að því að gera hana skemmtilega og aðlaðandi. Skreytingar eru fallegar og að þessu sinni bætist heill jólaköttur við dýrðina

Göngugötur á aðventu

Eins og undanfarin ár verður ákveðnum götum í miðborginni breytt í göngugötur hluta úr aðventunni. Tímabil göngugatna í ár helst í hendur við lengdan opnartíma verslana í miðborginni og verður því frá 13. desember til 23. desember.

Göngugötur verða í miðborginni frá kl. 16:00 virka daga en frá 11:00 um helgar. Göturnar opna fyrir akandi umferð kl.

7:00 alla morgna og verður því akstur heimilaður um göturnar kl. 7:00–16:00 á virkum dögum og 7:00–11:00 um helgar.

Göngugötusvæðið verður eins og áður Laugavegur og Bankastræti milli Vatnsstígs og Þinghóltsstrætis, Skólavörðustígur neðan Bergstaðastrætis, Pósthússtræti milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis og Austurstrætið ásamt Veltusundi og Vallarstræti.



Við Lækjartorg, hjá
jólakettinum



NOVA svellið á Ingólfstorgi

Jólin allsstaðar

Jólatré eru sett í ýmsum borgarhlutum og Fellastígurinn skreyttur með ljósum.

Þá má búast við kórasöng og almennri jólastemningu hvarvetna.

Hér eru dæmi um viðburði:

- Skautasvell NOVA á Ingólfs-
torgi, 1. til 31. desember.
- Oslóartréð 2. desember kl. 16.
á Austurvelli.
- Jólavættaleikur hefst 5. des.

- Jólaskógurinn í Ráðhúsinu
opnar 5. des. Grýla og Leppalúði
mæta
- Jólamarkaður í Hjartargarði
verður opinn 13.–16. des og
20.–23. des.
- Jólakortasmiðja í Jólaskógi
Ráðhússins 15. des., kl. 12–15.

Græn og væn undir sama þaki

Í blokk á Fornhaganum á Melunum eru íbúarnir sammála um að flokka sorp og vera eins umhverfisvænir og mögulegt er. Í Fornhagablokkinni gera íbúarnir sér grein fyrir því við verðum að breyta lífnaðarháttum okkar ef við ætlum ekki að tortíma jörðinni. Íbúarnir stofnuðu því umhverfisnefnd Fornhagablokkarinnar á aðalfundi húsfélagsins. Fyrsta færsla nefndarinnar á heimasíðu blokkarinnar hljómar svona:

„Þetta er Óliver Orri. Hann er fæddur í júlí 2017 og er líklega yngsti íbúi blokkarinnar okkar. Fyrir hann, fyrir öll börn, fyrir komandi kynslóðir, fyrir orðspor okkar sjálfra og fyrir hina undursamlegu náttúru sem við erum jú partur af, skiptir öllu máli að við breytum lífnaðarháttum okkar.”

Sólrún Harðardóttir er í umhverfisnefndinni. Hún er kennari og námsefnishöfundur og hefur frá blautu barnsbeini haft brennandi áhuga á náttúrunni og unnið að náttúruvernd á ýmsan hátt.

Markmið nefndarinnar er m.a. að auðvelda íbúum að taka upp vistvænni lífshætti og skapa vettvang til þess að deila hugmyndum sín á milli. Íbúarnir vilja gjarnan deila reynslu sinni og ráðum í umhverfisvænum lausnum með öðrum. „Íslendingar eru með eitt stærsta vistspor í heimi en það er mælikvarði á hversu mikið af gæðum jarðar fólk nýtir með neyslu sinni og hversu miklum úrgangi eða mengun það skilar frá sér,” segir Sólrún.

„Þetta reddast ekki – nema við gerum eitthvað.”

Nefndin byrjaði á því að leggja áherslu á sorp og úrgang. Íbúum í blokkinni var leiðbeint um flokkun úrgangs og

Sólrún Harðardóttir í umhverfisnefnd Fornhagablokkar



Blokk er lítið samfélag þar sem fjölmargir málaflokkar í Aðalskipulagi Reykjavíkur koma við sögu, m.a. borgarbúskapur og endurvinnsla. Er hænsnahald mögulegt? Er hægt að draga úr neyslu? Vera með matjurtagarð? En hleðslustöð fyrir rafbíla? Er hægt að fækka tunnum með því að vera með safnhaga fyrir lífrænan úrgang? Allt þetta hefur umhverfisnefndin í Fornhagablokkinni á Melunum skoðað

þeir hvattir til að flokka sem mest. Nú hefur gráum tunnum verið fækkað í

sorpgeymslum allra stigaganga og komnar grænar og bláar tunnur í staðinn.

Einn íbúi í blokkinni segir að það veiti sér ákveðna gleði að draga úr umbúðum og flokka heimilisúrganginn. Þannig byrji fólk ómeðvitað að hugsa um að minnka plast og pappírnotkun þegar það flokki allt. Hún segir við séum komin að ákveðnum þolmörkum varðandi neyslu og úrgang og nauðsynlegt sé að snúa vörn í sókn. „Þetta reddast ekki – nema við gerum eitthvað,” segir Sólrún.

Í garðinum fyrir aftan blokkina er svo safnhaugur fyrir lífrænan úrgang. Moltan sem þar myndast er nýtt í garðinum m.a. í lítinn grænmetis- og kryddjurtagarð, sem íbúum er frjálst að nýta sér. Hún segir að afar mikilvægt sé að koma sér upp góðu skipulagi varðandi flokkun sem allir á heimilinu geti unnið eftir og koma því inn í daglega rútinu. Margar

leiðir eru í boði og ein leið getur hentað einu heimili og önnur öðru. Í Fornhaga-blokkinni skiptust íbúar m.a. á ljós-myndum af því hvernig þeir flokka á sínu heimili.

Stjórn húsfélagsins og íbúar í blokkinni eru almennt mjög jákvæðir fyrir umhverfisnefndinni, sem Sólrún segir skipta öllu máli til að ná árangri, en þeim finnst starfið hafa gengið nokkuð vel.

Hænsnarækt í smáum stíl

Á fundum nefndarinnar hafa einnig komið upp fjölbreyttar hugmyndir til þess að gera blokkina umhverfisvænni, t.d. koma upp hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla, betri aðstöðu fyrir reiðhjól og annað slíkt. Markmiðið er að setja fram umhverfisstefnu fyrir blokkina.

„Viðfangsefni okkar fléttast inn í starfsemi Reykjavíkurborgar og samtal þar á milli er mjög af hinu góða. Svo er aldrei að vita nema við fáum okkur hænur í garðinn einn daginn,” segir Sólrún. Hænsnarækt í smáum stíl er enda mjög umhverfisvæn þar sem hænur éta alla matarafganga, eyða alls kyns óværu úr gördum og bera áburð á í leiðinni auk þess að verpa ljúffengum og hollum eggjum.

Í umhverfisnefndinni í Fornhagablokkinni eru Birna Dís Björnsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Katrín Ólafsdóttir, Sólrún Harðardóttir og Theodór Ingi Ólafsson.

fornhagablokkin.wordpress.com

Grein: Silja Yraola

Umhverfi

Friðlýsing Akureyjar í Kollafirði



Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun hafa formlega kynnt áform um friðlýsingu Akureyjar sem friðlandi í samræmi við náttúruverandarlög

Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda alþjóðlega mikilvæga sjófuglabyggð, þá sérstaklega lundavarp en lundinn er tegund á válista.

Áform um friðlýsingu eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúru-minjaskrár skuli kynnt sérstaklega.

Akurey er lág og vel gróin eyja í Kollafirði, um 6,6 hektarar að stærð, norð-

austan við Seltjarnarnes. Í Akurey verpa ýmsir sjófuglar eins og lundi, sílamáfur, æðarfugl og teista, og er lundi langalgengastur, 15.000 pör. Akurey flokkast sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð þar sem viðmiðið er ≥ 10.000 pör. Markmiðið með friðlýsingu Akureyjar er að vernda þetta alþjóðlega mikilvæga fuglasvæði í Reykjavík og sér í lagi varpstöð lunda sem er á válista um fugla skilgreindur sem tegund í bráðri hættu. Einnig er markmiðið að vernda lífríki í fjöru og á grunnsævi.

Frestur til að skila athugasemdum við áform Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar er til og með 2. janúar 2019. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.



TAKK FYRIR
AÐ FLOKKA



Spillivagninn slær í gegn

Borgarbúar hafa tekið þjónustu Spillivagnsins opnum örmum og fyllt bílinn af efnum og tækjum sem komið hefur verið til förgunar og endurvinnslu á öruggan hátt.

Þegar hafa fimm borgarhverfi af tíu verið heimsótt og um eitt tonn af efnum og tækjum frá 90 heimilum hafa ratað í vagninn.

Fyrstu hringferð Spillivagnsins lýkur í byrjun desember með heimsóknum í Árbæ og Grafarvog. Hann verður næst á ferðinni í apríl og maí. Ef förgunin þolir enga bið tekur næsta endurvinnslustöð við efnum og tækjum.

Hér verður Spillivagninn í desember:

Árbær við Árbæjarlaug, þriðjudaginn 4. des. kl. 15–20

Grafarvogur við Spöngina, fimmtudaginn 6. des. kl. 15–20

Hvað hirðir spillivagninn?

- Smærri raftæki
- Tölvur og síma
- Rafhlöður og rafgeyma
- Ljósaperur og hitamæla
- Málningu, bón, viðavörn, lím og lökk
- Hreinsiefni og lífræn leysiefni
- Stíflueyði
- Eitur, skordýra-, rottu- og illgresis
- Olíu og feiti
- Ýmislegt fleira

Sjá nánar á: spillivagninn.reykjavik.is



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og
skipulagssvið
Reykjavíkurborgar

www.reykjavik.is/usk
www.borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólöf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson
Elinborg Ragnarsdóttir
Gunnar Hersveinn

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar

Forsíðumynd:
Gunnar Hersveinn

Prentun: Prentmet –
Svansvottuð prentsmiðja



Reykjavíkurborg